

Hagur fiskveiða og fiskvinnslu 2003

Profitability in fishing and fish processing 2003

Samantekt

Hagstofa Íslands hefur nú lokið gerð yfirlits yfir rekstur helstu greina sjávarútvegs á árinu 2003. Við gerð þess er mest byggt á reikningum, sem 126 fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni, og kann hún þeim bestu þakkir fyrir. Yfirlitin sýna afkomu helstu greina veiða og vinnslu sjávarafurða, þ.e. báta í nokkrum stærðarflokkum, loðnuskipa, ísfisktogara, frystitogara, botnfiskfrystingar, botnfisksöltunar, mjölvinnslu, síldarsöltunar, rækjuvinnslu, hörpu-diskvinnslu og ísfiskvinnslu. Yfirlit þessi eru færð upp til heildar. Einnig er sýnt yfirlit yfir efnahag sjávarútvegsins í heild árin 1997–2003 og dreifing vergrar hlutdeildar í frystingu og söltun og dreifing afkomu 126 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar árið 2003.

Helstu niðurstöður

EBITDA í fiskveiðum og fiskvinnslu árið 2003 20% af tekjum

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekju- og eignarskatta (verð hlutdeild fjármagns eða EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegsins lækkaði milli áranna 2002 og 2003. Í fiskveiðum og -vinnslu lækkaði þetta hlutfall (án milliviðskipta) úr 21½% í 20%. Í fiskveiðum lækkaði hlutfallið úr 23½% árið 2002 í 21½% af tekjum árið 2003 en í fiskvinnslu hækkaði hlutfallið úr 8% árið 2002 í 8½% árið 2003.

Hreinn hagnaður botnfiskveiða 11% og botnfiskvinnslu 3½%

Afkoma botnfiskveiða versnaði frá árinu 2002 til ársins 2003 en afkoma botnfiskvinnslu batnaði. Hreinn hagnaður botnfiskveiða, reiknaður samkvæmt árgreiðslu-aðferð, lækkaði úr 12½% af tekjum í 11% og hagnaður botnfiskvinnslu hækkaði úr 3% af tekjum í 3½%. Afkoma veiða er nokkru verri ef gert er upp samkvæmt hefðbundnum uppgjörsaðferðum í stað árgreiðslu, en afkoma vinnslu betri.

Hagur rækjuvinnslu batnaði en hagur hörpudiskvinnslu versnaði á árinu 2003. Lítil hörpudiskvinnsla var árið 2003. Hagnaður var áfram á rekstri mjölvinnslu en tap varð á rekstri loðnuskipa á árinu 2003. Afli var mikill en verð afurða lækkaði á árinu. Ekki reyndist vera mikill munur á afkomu sjávarútvegsins eftir því hvort hagnaður er reiknaður eftir árgreiðsluáðferð eða á hefðbundinn hátt miðað við gjaldfærðar afskriftir og fjármagnskostnað. Verð á erlendum gjaldeyri var u.þ.b. óbreytt frá upphafi til loka árs 2003 miðað við útflutningsvog en lækkaði um 6% á milli ársmeðaltala. Sé árgreiðsluáðferðin notuð gætir ekki sveiflna af þessu tagi við mat á fjármagnskostnaði.

Eigið fé sjávarútvegs í árslok 2003 76 milljarðar

Heildareignir sjávarútvegs í árslok 2003 voru 255 milljarðar króna, heildarskuldir 179 milljarðar og eigið fé 76 milljarðar. Verðmæti heildareigna hefur hækkað í fjárhæðum um 9% frá 2002 og skulda um 11% á en eigið fé hefur aukist um 4%.



Þetta er í þriðja sinn sem Hagstofan birtir frétt um hag fiskveiða og fiskvinnslu en síðast birtist frétt um þetta efni í nóvember 2003. Þessi athugun á afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi er beint framhald af verkefnum Þjóðhagsstofnunar, sem um langt árabíl vann slíkar athuganir. Auk athugana á afkomu sjávarútvegs birtir Hagstofan yfirlit um afkomu alls atvinnurekstrar. Síðast birtist slíkt yfirlit í maí 2004 og sýndi afkomuna á árinu 2002. Þessi yfirlit eru einkum byggð á samræmda skattframtalinu. Sú heimild nægir ekki þegar sjávarútvegurinn á í hlut og ætlunin er að fá aðgreinda mynd af veiðum og vinnslu, þótt innan sama fyrirtækis sé. Upplýsinga er því aflað beint frá fyrirtækjunum. Við gerð þessara yfirlita er mest byggt á reikningum, sem 126 fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni, og kann hún þeim bestu þakkir fyrir. Úrtakið hefur minnkað frá síðasta ári en þá tóku 207 fyrirtæki þátt í athugininni. Yfirlitin sýna afkomu helstu greina veiða og vinnslu sjávarafurða, þ.e. báta í nokkrum stærðarflokkum, loðnuskipa, ísfisktogara, frystitogara, botnfiskfrystingar, botnfisksöltunar, mjölvinnslu, síldarsöltunar, rækjuvinnslu, hörpuðiskvinnslu og ísfiskvinnslu. Einnig eru sýnd yfirlit yfir efnahag sjávarútvegsins í heild árin 1997–2003.

Hagur einstakra greina sjávarútvegs

Eftirfarandi tafla sýnir hreinan hagnað samkvæmt árgreiðsluaðferðinni sem hlutfall af tekjum árin 2000–2003.

Tafla 1. Hreinn hagnaður, skv. árgreiðsluaðferð

Table 1. Net profit using annuity approach (imputed cost of capital) and 6% rate of return

Hlutfall af tekjum, %, Percent of revenue	2000	2001	2002	2003
1. Sjávarútvegur í heild <i>Fishing and fish proc., total</i>^{1 2}	2½	18	10	10
1.1 Veiðar og vinnsla botnfisks				
<i>Fishing and fish processing of demersal species</i> ²	6½	19½	11½	10½
1.1.1 Botnfiskveiðar <i>Fishing of demersal species</i>	8½	13	12½	11
Bátar <i>Boats</i>	8	12½	11½	11
Togarar <i>Trawlers</i>	3½	3	12	11
Frystiskip <i>Freezing vessels</i>	11½	17½	14½	10½
1.1.2 Botnfiskvinnsla <i>Processing of demersal species</i>	-½	16½	3	3½
Frysting <i>Freezing</i>	½	18	6½	5
Söltun <i>Salting</i>	-1½	15	-1	2
1.2 Veiðar og vinnsla rækju				
<i>Fishing and processing of shrimp</i> ²	-3½	8	1½	11
1.3 Loðnuveiðar og -bræðsla				
<i>Fishing and processing of capelin</i> ²	-19½	17½	9½	7½

¹ Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og loðnuveiðar og bræðsla. *Included here are fishing and processing of: demersal species, shrimp, and capelin.*

² Miðað er við tekjur greinanna alls að frádregnum millivíðskiptum með hráefni. *The income exclude transactions of raw material between enterprises.*

Nánari lýsing á aðferðum

Við gerð yfirlita yfir afkomu sjávarútvegsgreina eru notaðir nokkrir mælikvarðar á afkomu. Í fyrsta lagi er verg hlutdeild fjármagns, þ.e. rekstrarafgangur sem ætlað er að mæta afskriftum og vöxtum af lánsfé, ávöxtun eigin fjár og tekju- og eignarsköttum. Í öðru lagi er hreinn hagnaður af reglulegri starfsemi. Hreinn hagnaður af reglulegri starfsemi er reiknaður á tvennan hátt:

Hreinn hagnaður er reiknaður á hefðbundinn hátt með því að draga bókfærðar afskriftir, verðbreytingarfærslu og vaxtakostnað frá vergri hlutdeild fjármagns.

Hreinn hagnaður er reiknaður með því að draga endurmetna fjármagnsliði, þ.e. svonefnda árgreiðslu, og reiknaða vexti af afurðalánum frá vergri hlutdeild fjármagns. Er þá reiknað með 6% ávöxtun stofnfjár í stað afskrifta og vaxta af stofnfé, en vextir af veltufé, sem bundið er í birgðum, eru metnir jafnir nafnvöxtum af afurðalánum fiskvinnslunnar. Við uppgjör með árgreiðsluáðferðinni eru reiknaðir 6% raunvextir á allt það fjármagn sem bundið er í rekstri fyrirtækjanna, einnig eigið fé fyrirtækjanna. Á árum þegar stöðugleiki ríkir, sýnir árgreiðsluáðferðin og hefðbundið bókhaldsuppgjör svipaða afkomu. Til frekari skýringa á þessum áðferðum er vísað til útgáfu Þjóðhagsstofnunar Sjávarútvegur 1988–1989.

Um langt árabil vann Þjóðhagsstofnun yfirlit yfir rekstur helstu greina sjávarútvegs. Við gerð þessara yfirlita var byggt á reikningum sem sjávarútvegsfyrirtæki skiluðu með skattframtölum sínum. Yfirlitin sýndu afkoma helstu greina veiða og vinnslu sjávarafurða. Síðast birti stofnunin yfirlit af þessu tagi fyrir árið 2000 í Frétt nr. 3, 26. febrúar 2002. Á miðju ári 2002 tók Hagstofa Íslands við þessu hlutverki.

Við skattframtal ársins 1998 (vegna reksturs ársins 1997) hófu skattayfirvöld að nota samræmt skattframtalseyðublað þar sem fyrirtækjum ber að færa helstu lykiltölur úr rekstri sínum. Þjóðhagsstofnun ákvað í fyrstu að miða úrvinnslu sína á rekstraryfirlitum við þær upplýsingar sem fram kæmu á samræmda skattframtalinu. Sundurliðun á tekjum og gjöldum var minni á samræmda blaðinu en í þeim rekstrarreikningum sem stofnunin hafði áður notað, en á móti kom sá ávinningur að samræmda skattframtalið náði til fleiri fyrirtækja en áður voru í úrtaki Þjóðhagsstofnunar.

Samkvæmt þeim reglum sem gilda um útfyllingu á samræmda skattframtalinu, eiga fyrirtæki í margþættum rekstri að gefa upp lykiltölur úr rekstri hvarrar deildar fyrir sig. Þegar á reyndi voru það mjög fá fyrirtæki sem gerðu þetta. Þær upplýsingar sem fram komu á samræmda skattframtalinu, gerðu ekki kleift að vinna sundurliðuð yfirlit af því tagi sem áður var mögulegt. Þessar upplýsingar gáfu ekki færi á því að áætla afkomu útgerðar sérstaklega og fiskvinnslu sérstaklega.

Verulegrar óánægju gætti hjá stjórnvöldum og hagsmunaaðilum þegar í ljós kom að ekki var unnt að láta í té jafn nákvæmar upplýsingar um rekstur helstu greina sjávarútvegsins og áður. Af þessum ástæðum hóf Þjóðhagsstofnun og nú Hagstofan að safna á ný gögnum um rekstur sjávarútvegsfyrirtækja, sem gefa færi á að áætla afkomu þessara greina með svipuðum hætti og áður var gert. Ekki reyndist unnt að styðjast við þá reikninga sem fyrirtækin létu fylgja skattframtölum sínum, vegna þess að nú eru þeir oft mun minna sundurliðaðir en áður var. Þess vegna var leitað beint til fyrirtækjanna sjálfra sem oftast hafa brugðist skjótt og vel við og sent sundurliðaða reikninga yfir starfseminu. Þessi vinna var fjármögnuð af Sjávarútvegsráðuneytinu 1997–1999 og svo af Evrópusambandinu síðustu 3 árin. Nú er óvissa um framhald verksins því ekki er vitað hvort Evrópusambandið styrkir það áfram. Auk þess talnaefnis sem hér birtist í Hagtíðindum má vísa til sambærilegs efnis yfir fyrri ár á heimasíðu Hagstofunnar.

English summary

Statistics Iceland has analyzed the income statements of 126 fishing and fish processing companies for 2003. Information from these statements along with data on exports and catches were used to assess the overall profitability in the sub-sectors of these branches of industry.

These statistics show the profits of the main sub-sectors of these activities such as boats in several size categories, capelin boats, wet fish trawlers, freezing trawlers, processing of demersal species like freezing and salting, processing of capelin, salting of herring, freezing of shrimp, freezing of scallop and fresh fish processing.

Also included there is an aggregated balance sheet of fishing and fish processing 1997–2003 and the distribution of establishments in freezing and salting by gross share of capital and profit distribution of 126 enterprises in fishing and fish processing in 2003.

Comparable time series for previous years are available on the web site of Statistics Iceland.

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2003
 Table 2. Operating accounts of fishing 2003

	Samtals <i>Total</i>	Bátar undir 10 brl. <i>Boats less than 10 GRT</i>	Bátar 10–200 brl. <i>Boats 10–200 GRT</i>	Bátar >200 brl. <i>Boats over 200 GRT</i>	Loðnu- bátar <i>Boats catching capelin</i>	Ísfisk- togarar <i>Fresh fish trawlers</i>	Frysti- togarar <i>Freezer trawlers</i>
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	70.492	6.728	8.960	12.691	13.249	9.025	19.840
1.1 Útflutningstekjur <i>Export products</i>	27.230,0	170	502	2.603	3.321	1.401	19.232
1.2 Selt hráefni <i>Fresh fish for processing</i>	41.392,3	5.892	8.081	9.977	9.479	7.486	478
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	1.870,1	666	377	111	448	138	129
2 Gjöld alls <i>Operating expenses</i>	55.455	5.940	6.810	9.399	10.734	7.219	15.352
2.1 Aflahlutir <i>Fishermens' shares</i>	19.226,8	1.191	2.721	3.297	3.510	2.357	6.150
2.2 Önnur laun <i>Other wages</i>	6.127,7	1.462	498	1.509	727	602	1.329
2.3 Launatengd gjöld <i>Labour related costs</i>	2.242,6	234	284	425	375	262	662
2.4 Ólíur <i>Oil</i>	6.140,2	162	578	680	1.741	1.079	1.900
2.5 Veidarfæri <i>Fishing gear</i>	3.278,8	96	368	687	981	452	694
2.6 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	5.134,8	655	629	896	934	726	1.294
2.7 Frystikostnaður, umbúðir og fl. <i>Packaging and freezing cost</i>	564,6	–	–	–	–	–	565
2.8 Flutningskostnaður <i>Transportation cost</i>	391,5	201	45	41	33	34	38
2.9 Laun v/skrifstofu <i>Salaries</i>	836,6	2	193	196	154	108	183
2.10 Skrifstofukostnaður <i>Overhead cost, excl. salaries</i>	1.276,7	129	178	242	302	162	264
2.11 Tryggingar <i>Insurance</i>	1.495,3	268	176	211	213	191	437
2.12 Sölu- og markaðskostnaður <i>Sales cost abroad</i>	1.801,5	191	439	501	131	401	137
2.13 Löndunarkostnaður <i>Disembarkation cost</i>	2.307,9	184	279	414	319	465	647
2.14 Kvótaleiga <i>Renting of catch quotas</i>	1.263,0	240	98	146	306	200	273
2.15 Önnur gjöld <i>Other expenses</i>	3.367,4	924	324	154	1.007	179	779
Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA)							
Share of capital, gross	15.037,0	788	2.150	3.292	2.515	1.805	4.487
Hlutfall af tekjum, % <i>Percent of revenue</i>	21,3	11,7	24,0	25,9	19,0	20,0	22,6
Afskriftir <i>Depreciation</i>	12.408,9	1.216	1.530	2.286	2.623	1.571	3.184
Verðbreytingarfærsla og vextir <i>Interests and adjustments for inflation</i>	158,4	482	-7	263	186	-217	-548
Hreinn hagnaður (EBT) <i>Profit</i>	2.470	-910	627	743	-294	452	1.852
Hlutfall af tekjum, % <i>Percent of revenue</i>	3,5	-13,5	7,0	5,9	-2,2	5,0	9,3
Árgreiðsla, 6% <i>Cost of capital, 6%</i>	8.812,4	695	1.074	1.367	2.492	811	2.373
Hreinn hagnaður <i>Profit</i>	6.225	92	1.076	1.925	23	994	2.114
Hlutfall af tekjum, % <i>Percent of revenue</i>	8,8	1,4	12,0	15,2	0,2	11,0	10,7

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2003 (frh.)
Table 2. Operating accounts of fishing 2003 (cont.)

	Bátar undir 10 brl. <i>Boats less than 10 GRT</i>	Bátar 10–200 brl. <i>Boats 10–200 GRT</i>	Bátar >200 brl. <i>Boats over 200 GRT</i>	Loðnu- bátar <i>Boats catching capelin</i>	Ísfisk- togarar <i>Fresh fish trawlers</i>	Frysti- togarar <i>Freezer trawlers</i>
	Samtals <i>Total</i>					
Upplýsingar um skip Characteristics of vessels						
Fjöldi <i>Fleet - number of vessels</i>	1.490	978	306	93	38	40
Brúttótonn (BT- meðaltal) <i>Fleet - average GT</i>	114	5	45	304	1.270	1.240
Skráð lengd (metrar - meðaltal) <i>Fleet - average length</i>	14	8	15	32	56	52
Vélarstærð (kW) <i>Fleet - average kW</i>	324	117	241	633	2.702	1.378
Meðalsmíðarár <i>Fleet - Building year</i>	1.984	1987	1981	1971	1977	1978
Vátryggingaverðmæti (m.kr.) <i>Insurance value (M. ISK)</i>	73.836	5.827	8.998	11.456	20.879	19.882
Afli (þús. tonn) Volume (tous.tons)	1.980	52,4	65,9	131,2	1432,3	111,8
Þorskur <i>Cod</i>	206	34,4	36,2	52,6	0,4	39,6
Ýsa <i>Haddock</i>	60	8,0	7,7	19,2	0,0	10,3
Ufsi <i>Saithe</i>	52	2,8	1,6	6,9	0,3	19,1
Karfi <i>Redfish</i>	111	0,3	0,7	5,9	6,1	28,2
Rækja <i>Shrimp</i>	29	–	3,4	4,0	0,5	10,2
Síld <i>Herring</i>	250	0,0	0,0	5,1	242,2	–
Loðna <i>Capelin</i>	681	–	–	–	680,5	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	502	0	–	–	501,5	–
Annað <i>Other</i>	89	6,9	16,2	37,5	0,8	4,5
Verðmæti (M. kr.) Value (M. Kr)	68.623	6.061	8.583	12.580	12.801	8.887
Þorskur <i>Cod</i>	26.292	4.268	5.411	6.543	47	3.828
Ýsa <i>Haddock</i>	5.896	784	779	1.877	0	779
Ufsi <i>Saithe</i>	2.512	92	69	291	1	775
Karfi <i>Redfish</i>	7.931	22	47	544	417	1.995
Rækja <i>Shrimp</i>	3.578	–	278	376	81	1.421
Síld <i>Herring</i>	3.713	0,0	0,0	53	3.565	–
Loðna <i>Capelin</i>	5.072	–	–	–	5.072	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	3.442	–	–	–	3.442	–
Annað <i>Other</i>	10.187	896	1.998	2.897	177	89

Skýringar Notes: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi útgerðarflokki verið stækkað upp þannig að tekjur af sölu afla stemmi við heildartekjur af sölu afla í viðkomandi útgerðarflokki eins og þær eru áætlaðar af Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Tekjur þeirra útgerðardeilda sem eru með í úrtakinu, eru 11½% af tekjum báta undir 10 brl., 39% af tekjum báta 10–200, brl., 33% af tekjum báta yfir 200 brl., 75% af tekjum loðnubáta, 66% af tekjum ísfisktogara og 75% af tekjum frystitogara sem gerir um 56% af heildinni. These operating accounts are grossed up to total. The sample size of each type of ship has been grossed up to total with reference to the total value of catch by type of ship as estimated by Statistics Iceland and Directorate of Fisheries. The sample size was as follows: Boats less than 10 GRT 11½%; Boats 10–200 GRT 39%; Boats over 200 GRT 33%; Boats catching capelin 75%; Fresh fish trawlers 66% and Freezer trawlers 75% or 56% of the total.

Tafla 3. Rekstraryfirlit fiskvinnslu 2003
 Table 3. *Operating accounts of fish processing 2003*

Milljónir króna Millions ISK	Samtals Total	Frysting Freezing	Söltun og hersla Salting and drying	Mjöl- vinnsla Fish meal and oil	Sildar- söltun Salting of herring	Rækju- vinnsla Freezing of shrimp	Hörpud.- vinnsla Freezing of scallop	Ísfisk- vinnsla Fresh fish proc.
1. Tekjur alls á skilaverði <i>Operating revenues</i>	86.342,4	27.081	21.405	16.983	981	10.382	126	9.386
1.1 Skilaverðmæti útflutnings <i>Export prod.</i>	84.856,6	26.052	21.201	16.923	858	10.319	125	9.379
1.2 Innanlandssala afurða <i>Domestic sale of products</i>	222,1	144	9	3	23	44	0	–
1.3 Seldur afli - Selt hráefni <i>Domestic sale of fresh fish</i>	218,7	60	58	–	100	-0	0	–
1.4 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	1.045,0	825	137	57	-0	19	0	7
2. Aðföng alls <i>Intermediate consumption</i>	64.957,8	18.186	17.032	12.750	614	8.152	110	8.115
2.1 Hráefni <i>Raw fish</i>	52.523,2	13.988	14.800	9.487	339	7.072	91	6.746
2.2 Rafmagn <i>Electricity</i>	1.225,7	392	127	517	29	135	6	19
2.3 Oliur <i>Oil</i>	1.521,8	246	2	1.216	-10	68	0	–
2.4 Tryggingar <i>Insurance</i>	365,2	141	46	94	5	61	0	19
2.5 Umbúðir <i>Packaging</i>	2.249,2	1.131	483	200	5	258	7	166
2.6 Flutningskostnaður <i>Transportation costs</i>	1.073,3	279	125	233	6	4	0	425
2.7 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	2.007,8	810	302	447	120	215	0	114
2.8 Önnur aðföng <i>Other intermediate consumpt.</i>	3.991,7	1.198	1.147	556	120	339	5	626
3. Vinnsluvirði (1.-2.) <i>Value added (3.=1.-2.)</i>	21.384,6	8.895	4.373	4.233	367	2.230	15	1.271
Laun og tengd gjöld								
4. <i>Compensation of employees</i>	13.082,3	6.077	2.928	1.495	363	1.255	25	939
5. Skattar á framleiðslu <i>Taxes on production</i>	801,8	84	620	75	0,73	22	0	1
6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) <i>Share of capital, gross</i>	7.500,5	2.734	825	2.664	3	953	-10	331
Hlutfall af tekjum, % <i>As a percentage of revenue</i>	8,7	10,1	3,9	15,7	0,3	9,2	-7,7	3,5
7. Afskriftir <i>Depreciation</i>	2.429,8	926	296	945	60	115	4	84
8. Rekstrarafgangur (6.-7.) <i>Operating surplus</i>	5.070,7	1.808	529	1.719	-57	838	-13	247
9. Verðbreytingafærsla og vextir <i>Interests and exchange rate adjustments</i>	-828,6	-552	-55	-95	-106	-75	-2	65
11. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Net profit</i>	5.899,3	2.360	585	1.813	48	913	-11	182
Hlutfall af tekjum, % <i>As a percentage of revenue</i>	6,8	8,7	2,7	10,7	4,9	8,8	-8,8	1,9
12. Árgreiðsla (6%) <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	3.535,2	1.355	439	1.368	91	163	5	114
13. Hreinn hagnaður <i>Net profit</i>	3.965,3	1.379	387	1.295	-88	790	-15	217
Hlutfall af tekjum, % <i>As a percentage of revenue</i>	4,6	5,1	1,8	7,6	-9,0	7,6	-11,9	2,3

Skýringar *Notes:* Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi vinnsludeild verið stækkað upp þannig að útflutningstekjur stemmi við heildartekjur af útflutningi af viðkomandi vörutegundum samkvæmt tölum Hagstofunnar. Útflutningsframleiðsla þeirra vinnsludeilda, sem eru með í úrtakinu, var 54% af útflutningi landfrysts botnfisks, 25% af útflutningi botnfisksöltunar, 100% af útflutningi mjölvinnslu, 37% af útflutningi sildarsöltunar, 28% af útflutningi rækjuvinnslu, 100% af útflutningi hörpudiskvinnslu og 38% af útflutningi ferskra afurða. Ekki er gert sérstakt yfirlit yfir rekstur herslu og er rekstur hennar talinn með rekstri botnfisksöltunar. *These operating accounts are of complete coverage. The sample size of each type of processing has been grossed up to total with reference to the total value of exports by type of processing as estimated by Statistics Iceland. The sample size was as follows: Freezing 54%; Salted fish 25%; fish meal and oil 100%; salting of herring 37%; shrimp freezing 28%; scallop freezing 100%; fresh fish export 38%. A separate operating account is not constructed for stock fish production but this production is included in salt fish production.*

Tafla 4. Efnahagsyfirlit sjávarútvegsins 1997–2003

Table 4. Aggregated balance sheet of fishing and fish processing 1997–2003

Milljónir króna <i>Millions ISK</i>	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
1. Veltufjármunir <i>Current assets</i>	36.843	36.119	51.770	41.704	56.177	49.328	57.574
1.1 Sjóður og bankainnistæður <i>Cash and bank time deposits</i>	5.718	6.320	6.238	5.677	7.269	6.532	12.002
1.2 Viðskiptakröfur og vixlar <i>Business claims and bills of exchange</i>	15.111	15.741	21.443	13.750	27.490	23.045	27.562
1.3 Birgðir <i>Stocks</i>	13.672	11.921	13.276	18.110	18.571	15.958	15.852
1.4 Aðrir veltufjármunir <i>Other current assets</i>	2.342	2.137	10.814	4.166	2.847	3.793	2.158
2. Fastafjármunir <i>Fixed assets</i>	130.750	146.606	167.793	175.387	190.728	184.791	197.458
2.1 Áhættufjárm. Og langtímakröfur <i>Investments and long term claims</i>	19.562	19.217	28.839	30.316	35.022	40.787	47.007
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir <i>Property, plant and equipments</i>	95.766	104.569	111.051	105.688	112.114	97.551	92.436
2.3 Aðrar eignir <i>Other assets</i>	15.422	22.820	27.904	39.383	43.592	46.453	58.014
3. Eignir = Skuldir + Eigið fé <i>Total assets = Total liabilities and equity</i>	167.593	182.725	219.564	217.091	246.906	234.119	255.031
4. Skuldir <i>Debts</i>	123.455	139.685	160.256	165.160	186.880	160.979	179.065
4.1 Skammtímaskuldir <i>Current liabilities</i>	39.368	41.649	48.982	50.709	58.722	52.985	58.841
4.2 Langtímaskuldir <i>Long term liabilities</i>	84.087	98.036	111.273	114.451	128.158	107.994	120.224
5. Eigið fé <i>Equity</i>	44.139	43.039	59.308	51.931	60.026	73.140	75.966
6. Veltufjárhlutfall <i>Current ratio</i>	0,94	0,87	1,06	0,82	0,96	0,93	0,98
7. Eiginfjárhlutfall, % <i>Equity ratio, %</i>	26,3	23,6	27,0	23,9	24,3	31,2	29,8

Skýringar Notes: Árin 2001–2002 hefur aðferðum við uppfærslu efnahagsyfirlita til heildar verið breytt. Eftir sem áður er tekið mið af afla- og útflutningsverðmæti sjávarafurða en við uppfærsluna er beitt línulegri aðfallsgreiningu. Á árinu 2001 hefur sú aðferð í för með sér að heildarreikningurinn er röskum 4% minni en fyrri aðferðir sýndu. Árið 2003 er samræmt skattframtal rekstraradila notað og nær það yfir rúmlega 97% af atvinnugreininni. *The grossing up methods have been revised for the years 2001–2002. Linear regression is applied taking notice of the balance sheet and the revenue of the sample and the overall total of fishing and fish processing. In 2003 the Enterprise Accounts Register is applied and it covers more than 97% of the fishing and fish processing industry. This register is a standardised register of annual accounts and submitted to tax authorities.*

Tafla 5. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu árið 2003

Table 5. Distribution of establishments in freezing by gross share of capital 2003

Verg hlutdeild <i>Share of capital gross</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, milljónir kr. <i>Average turnover per establishment, millions ISK</i>
< 0%	1	0,3	48
0 - 5%	3	8,1	406
5 - 10%	6	37,8	951
10 - 15%	2	21,1	1592
15 - 20%	4	18,1	682
20 - 25%	2	13,0	978
> 25%	1	1,6	248
Alls	19	100	794

Skýringar Notes: Deildir sem frysta botnfisk árið 2003. *Establishments freezing demersal species in 2003.*

Tafla 6. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í söltun árið 2003Table 6. *Distribution of establishments in salting by gross share of capital 2003*

Verg hlutdeild <i>Share of capital gross</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, milljónir kr. <i>Average turnover per establishment, millions ISK</i>
< -5%	2	35,8	1.038
-5 - 0%	1	2,9	165
0 - 5%	1	2,4	139
5 - 10%	1	9,8	569
10 - 15%	4	42,5	616
15 - 20%	1	6,1	357
20 - 25%	–	–	–
> 25%	2	0,5	16
Alls Total	12	100,0	484

Skýringar Notes: Deildir sem salta botnfisk árið 2003. *Establishments salting demersal species in 2003.***Tafla 7. Dreifing afkomu 126 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2003**Table 7. *Profit distribution of 126 enterprises in fishing and fish processing 2003*

Hreinn hagnaður í hlutfalli af tekjum <i>Net profit as a percentage of revenue</i>	Fjöldi fyrirtækja <i>Number of enterprises</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki (%) <i>Share of sample in turnover (%)</i>	Meðalvelta millj. kr. <i>Average turnover per establishm. Millions kr.</i>	Hlutfall tekna af útgærd (%) <i>Share of fishing in total revenue</i>	Hlutfall tekna af útgærd frysti- togara (%) <i>Share of fish processing in total revenue</i>	Verg hlutd. í hlutfalli af tekjum (%) <i>Gross share of capital as a perc. of revenue</i>	Eiginfjár- hlutfall (%) <i>Equity ratio</i>
< -10%	35	0,8	18	100	–	5,3	21,5
-10 - -5%	3	0,1	18	100	–	14,6	64,9
-5 - 0%	17	11,2	535	47	3	12,7	24,4
0 - 5%	17	31,4	1.494	43	21	16,1	32,0
5 - 10%	16	40,8	2.065	45	13	18,3	36,2
10 - 15%	6	4,7	634	100	63	15,7	35,1
15 - 20%	8	6,1	614	57	39	19,5	47,7
20 - 25%	10	4,1	335	50	23	21,0	58,7
> 25%	14	0,8	48	19	–	31,9	57,9
Alls	126	100,0	642	48	18	17,0	34,7

Skýringar Note: Með hreinum hagnaði er hér átt við hreinan hagnað eins og hann er skilgreindur í rekstrarreikningum fyrirtækjanna, þ.e. með því að gjaldfæra afskriftir og fjármagnskostnað fyrirtækjanna. Hagnaður fyrirtækisins er hagnaður af allri starfsemi hvort sem um er að ræða botnfiskeiðar og -vinnslu, loðnuveiðar, rækjuvinnslu eða einhverja aðrar starfsemi á sviði sjávarútvegs. *Here, net profit is defined according to bookkeeping practises, i.e. imputed cost of capital is not used but the conventional methods, cf. tables 2 and 3. The figures show net profit by enterprises, not by establishments.*

Tafla 8. Hreinn hagnaður sjávarútvegs miðað við árgreiðsluáðferð og 6% ávöxtunTable 8. *Net profit in fishing and fish processing, using annuity approach (imputed cost of capital) and 6% rate of return*

Hlutfall af tekjum, % <i>Percentage of revenue</i>	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
1. Sjávarútvegur í heild <i>Fishing and fish processing, total</i>	4,4	2,2	-1,4	3,3	-1,3	2,3	18,1	10,2	10,0
1.1 Veiðar og vinnsla botnfisks <i>Fishing and fish process. demersal species</i>	1,2	-1,0	-5,5	2,8	1,4	6,4	19,6	11,4	10,3
1.1.1 Botnfiskveiðar <i>Fishing of demersal species</i>	3,9	2,4	-3,8	2,2	4,1	8,6	13,2	12,5	10,8
Bátar <i>Boats</i>	4,6	4,1	-1,1	2,0	3,5	7,7	12,3	11,8	10,9
Togarar <i>Trawlers</i>	3,1	-0,8	-4,4	-2,2	2,5	3,4	2,7	12,2	11,0
Frystiskip <i>Freezing vessels</i>	3,7	2,3	-3,4	6,7	9,9	11,6	17,4	13,3	10,7
1.1.2 Botnfiskvinnsla <i>Processing of demersal species</i>	-2,7	-4,6	-4,4	2,0	-2,8	-0,3	16,5	3,2	3,6
Frysting <i>Freezing</i>	-4,8	-6,3	-3,9	-0,5	-4,7	0,7	17,9	6,6	5,1
Söltun <i>Salting</i>	1,1	-1,7	-5,2	5,6	-0,4	-1,3	14,9	-0,9	1,8
1.2 Veiðar og vinnsla rækju <i>Fishing and processing of shrimp</i>	13,2	0,3	-2,5	-1,6	-0,7	-3,5	8,2	1,5	10,8
1.3 Loðnuveiðar og -bræðsla <i>Fishing and processing of capelin</i>	9,6	21,4	15,2	9,3	-20,1	-19,3	17,4	10,6	7,7

¹ Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og loðnuveiðar og bræðsla. *Included here are fishing and processing of demersal species, shrimp, and capelin.*

² Miðað er við tekjur greinanna alls að frádrögnum milliviðskiptum með hráefni. *The income exclude transactions of raw material between enterprises.*

Hagtiðindi Sjávarútvegur
Statistical Series Fisheries

90. árgangur nr. 2

ISSN 0019-1078

2005:1

ISSN 1670-4533 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4541 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 6*

Umsjón *Supervision* Gyða Þórðardóttir • gyda.thordardottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series